

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

27. ágúst 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn..

Skólastarfið hefur farið ágætlega af stað það sem af er hausti og er nú óðum að færast í fast form. Framundan eru nokkrir viðburðir sem við viljum vekja athygli á.

Gistiferð 5. - 7. bekkjar.

Nemendur 5.-7. bekkjar í öllum skólanum fara í gistiferð á Reykjaströnd 3. – 4. september. Með þessu er verið að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólögörðum.

Ævintýraferð 8. - 10. bekkjar.

Nú líður að Ævintýraferð 8.-10. bekkjar en hún verður farin dagana 2.- 3. september. Í ár munum við ganga yfir Skagann og hjóla heim frá Sauðárkróki daginn eftir. Gott er að fara að huga að búnaði fyrir ferðina; athuga með hjól og hjálma, góða skó og almennt góðan útivistarfatnað.

Fatnaður nemenda.

Foreldrum/forráðamönnum er bent á að miða allan fatnað barna við starfið sem fram fer í skólanum, sérstaklega í ljósi þess að núna á haustdögum er útistarf mikið. Allur fatnaður er á ábyrgð foreldra/forráðamanna og því skal hann vera rækilega merktur til þess að koma í veg fyrir að hann glatist.

Hjólareglur.

Nemendum ber skylda til að nota hjálma þegar þeir mæta á reiðhjólum í skólann. Einnig er í gildi sú regla að nemendur fari ekki á reiðhjólum niður í Höfðaborg í morgunkaffinu eða hádegismatnum, heldur á notkun þeirra að vera á skólalóðinni.

Myndataka.

Næstkomandi mánudag, 31. ágúst, verða teknar einstaklingsmyndir af öllum nemendum á Hofsósi. Nota á myndirnar í að búa til afmælisdagatal fyrir skólann.

Íþróttir

Nemendur þurfa að hafa með sér íþróttafatnað sem er hægt að nota innandyra sem og utandyra, því reynt verður að vera úti eftir bestu getu en veðurguðirnir stjórna því örlítið.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi